

427. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 29. apríl 2021 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður, Magnús Einar Magnússon aðalmaður og Steinunn Guðný Einarsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2021 - 2020090032

Kynnt staða verkefna á verkefnalista fræðslunefndar.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Edda María Hagalín fjármálastjóri - 09:00

2. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis dagsettur 15. apríl 2021 þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla (fagråd eineltismála), 716. mál. Umsagnarfrestur er til 29. apríl.

Á 1149. fundi bæjarráðs, þann 19. apríl 2021, vísaði bæjarråd málinu til fræðslunefndar.

Lagt fram til kynningar.

3. Erindi frá leik- og grunnskólastjórum á Þingeyri og Flateyri - 2021040074

Lagt fram bréf dagsett 21. apríl 2021 frá Kristbjörgu Sunnu Reynisdóttur leik- og grunnskólastjóra á Flateyri og Ernu Höskuldsdóttur leik- og grunnskólastjóra á Þingeyri. Þar sem óskað er eftir að endurskoðað verði það fyrirkomulag að skólastjóri stýri bæði leik- og grunnskóla á Flateyri og á Þingeyri. Meðfylgjandi er minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa.

Fræðslunefnd leggur til að auglýst verði eftir leikskólastjóra í stað deildarstjóra á leikskólanum Grænagarði Flateyri. Jafnframt leggur fræðslunefnd áherslu á mikilvægi áframhaldandi faglegrar samvinnu skólastigana. Ekki verður um kostnaðaraukningu um að ræða við þessa breytingu á Flateyri samkvæmt minnisblaði frá skólastjóra. Fræðslunefnd kallar jafnframt eftir kostnaðargreiningu

frá leik- og grunnskólanum á Þingeyri.

4. Ársreikningar Hjallastefnunnar - 2021040078

Lagður fram til kynningar ársreikningur Hjallastefnunnar 1. ágúst 2019 -31. júlí 2020.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Guðrún Birgisdóttir

Hafdís Gunnarsdóttir